

## Þing Fimleikasambands Íslands

Haldið í Laugardalshöll, Engjavegi 8, 104 Reykjavík,  
12. september 2020

### 1 Þingsetning og staðfesting lögmætis þingsins.

#### 1.1 Þingsetning

Formaður Fimleikasambands Íslands, Arnar Ólafsson, bauð alla fundarmenn velkomna til fimleikaþings 2020.

### 2 Kjör þingforseta, þingritara og þriggja manna kjörbréfanefndar.

#### 2.1 Kjör fundarstjóra og fundarritara

Arnar Ólafsson leggur til að Hörður Oddfríðarson verði þingforseti, Fjóra Þrastardóttir og Íris Mist Magnúsdóttir þingritarar og að kjörbréfanefnd verði skipuð Fanneyju Magnúsdóttur, Andreu Dan Árnadóttur og Unni Símonardóttur.

#### 2.2 Staðfest lögmæti fundarins

Þingforseti þakkar traustið fyrir sína hönd og fundarritara og býður fundarmenn velkomna. Staðfestir að þingið sé lögmætt og boðað hafi verið til þess með löglegum hætti með tveimur fundarboðum og á réttum tíma.

Engar athugasemdir gerðar varðandi fundarboðið og þingið því lýst lögmætt.

Þingforseti:

Þetta er í annað skipti sem ég fæ að stýra fimleikaþingi. Mér þótti vænt um hvað það gekk vel í fyrra og fá boð um að vera hér aftur í ár. Við erum á sérstökum tímum. Það þýðir að fulltrúalýðræði sem fimleikaþing er, er flóknara í framkvæmd, færri fulltrúar sem fara atkvæðamagn félaganna. Það kallar á traust innan hreyfingarinnar. Þó félögin hafi samþykkt tillögur stjórnar um útfærslu kjörbréfa þingsins, þá eru þetta afbrigði frá lögum og af því að fimleikaþing er æðsta vald og fer með eigið málefni þá er rétt að þing samþykki þessi afbrigði formlega, svo það komist líka í þinggerð.

Afbrigði: þrátt fyrir ákvæði um fjölda hvers félags, þá eru 1-3 fulltrúar, einn þeirra sem fer með atkvæðamagn hvers félags. Óska eftir því að allir þeir sem eru með fulltrúaatkvæði greiði atkvæði um hvort þeir séu samþykkir útfærslunni.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

Samkvæmt lögum á að halda fimleikaþing í lok júní, bið þingfulltrúa um að samþykkja þau afbrigði að við höldum þing í september en ekki í júní vegna Covid ástands í landinu.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum.

#### 2.3 Kosning kjörbréfanefndar - athugað kjörgengi fundarmanna

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir: Fanney Magnúsdóttir, Andrea Dan Árnadóttir og Unnur Símonardóttir. Þær fara afsíðis í stutta stund og meta kjörbréf þeirra sem mættir eru á þingið.

### 3 Afhending kjörbréfa. Kjörbréfanefnd hefur störf.

Í lögum sambandsins er gert ráð fyrir því að einungis þau félög hafi kosningarrétt sem eru skuldlaus, miðað við 31. desember árið á undan. Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 11 fimleikadeilum/félögum

### 4 Formaður leggur fram skýrslu stjórnar og fastanefnda.

#### 4.1 Skýrsla stjórnar

Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir skýrslu stjórnar og gerði þannig grein fyrir störfum Fimleikasambandsins síðastliðið ár. Hún vísar í framlagða ársskýrslu FSÍ, stefnumótun, covid, ný heimasíða, framför í ársreikningagerð, en allir þessir þættir snúa að þeim markmiðum sem við settum okkur á síðasta þingi.

Skýrsla stjórnar er aðgengileg á nýrri heimasíðu sambandsins, sem við erum ákaflega stolt af og loksins hefur þessu stóra markmiði verið náð sem unnið hefur verið að lengi.

2019 var viðburðaríkt ár í starfi sambandsins, sléttutöluárin hafa verið umfangsmeiri í starfi sambandsins, þar sem Evrópumót í hóp fimleikum er á þeim árum og er verkefnið mjög stórt í vöfum. Árið 2019 er í fyrsta skipti sem það verkefni hefst jafn snemma og gert var nú, eða á oddatölu ári, en það er til marks um enn meira umfang og faglegra starf sambandsins í tengslum við verkefnið.

Við höfum haldið uppteknum hætti með fræðsludaginn okkar og stefnum á að styrkja fræðsluferfið enn frekar með viðburðum sem honum. Þegar kemur að framkvæmd námskeiða, og styrkingu á kerfinu okkar, þá erum við upp á sali og aðstöðu félaganna komin, að þau bjóði fræðslunámskeið velkomin í hús sín. Kærar þakkir til þeirra félaga sem hýstu fræðslunámskeið ársins.

Íris Svavarsdóttir lét af störfum eftir rúmlega 7 ára starf hjá sambandinu, við þökkum henni kærlega fyrir unnin störf, óskum henni velferðar á nýjum vettvangi og erum þakklát fyrir að fimleikahreyfingin fái að njóta krafta hennar í starfi hjá Fjölni.

Fræðsluferfið er í stöðugri þróun, við erum alltaf að verða faglegrí í öllu okkar starfi og það eru spennandi tímar fram undan. Okkar sterkasta vopn til að verða betri í okkar starfi og einn stærsti vaxtarbroddurinn í hreyfingunni er fræðsla og aftur fræðsla fyrir alla þá sem snerta starf sambandsins. Á árinu vorum við einnig að prófa okkur áfram í nýrri tegund í fræðslumálum, landsliðsþjálfarar hafa komið inn með fræðslu eins og um grindarbotn og æfingar tengdar þjálfun hans, fyrirbyggjandi meiðslaæfingar og mælingar.

Fimleikamót á árinu voru 21, á þeim kepptu 5541 keppandi. Við erum ákaflega stolt af þeirri breytingu sem við fórum í á síðasta þingi í 4. og 5. þrepi íslenska Fimleikastigans, þar sem keppendur fá viðurkenningu fyrir að ná þrepinu í stað þess sem áður var þegar fáir einstaklingar voru dregnir fram og verðlaunaðir endurtekið. Nú er markmið FSÍ að lyfta fjöldanum, markmið sem við getum verið stolt af.

Eitt af því sem vert er að draga fram hér í dag og veita sérstaka athygli er hversu mikið fimleikahreyfingin hefur vaxið undanfarin ár. Iðkendafjöldi hefur margfaldast og ljóst er að við þurfum að halda vel á spöðunum í fræðslunni, þannig að við getum þjónustað framtíðar iðkendur jafnvel og við höfum verið að gera á undanförnum árum. Aukinn fjöldi iðkenda kallar augljóslega á aukinn fjölda þjálfara og það er okkar verkefni á næstu misserum.

Íslandsmót í áhaldafimleikum fór fram í Laugarbóli í umsjón Ármans og skrifstofu FSÍ. Mótið var glæsilegt og eins og undanfarin ár í beinni útsendingu á RÚV. Íslandsmót í hóp fimleikum fór fram í

Ásgarði í umsjón Stjórnunnar og skrifstofu FSÍ og í beinni útsendingu á RÚV að vanda. Alveg eins og við var að búast var móthaldið glæsilegt og mikil stemning myndaðist í húsinu á meðan á mótinu stóð. Markmið í tengslum við móthaldið er að halda Íslandsmótin okkar, bæði í áhald- og hóp fimleikum næst í Laugardalshöll þar sem öllu verður til tjaldað. Móthaldið verður samstarfsverkefni allra þeirra sem keppa í greinunum og í krafti samvinnunnar munum við halda mót sem eftir verður tekið og til litið í íþróttasamfélaginu á Íslandi. Mynd á skjánum frá Íslandsmóti 2018, hugur okkar stefnir í svona útfærslu.

Eurogym 2020, fram á seinni hluta ársins hafði skipulag verið í höndum skrifstofu ásamt þeirra reglubundnu verkefnum. Í lok sumars voru starfsmenn ráðnir inn í verkefnið og réðust þau í þetta risavaxna viðburðahald, en ljóst var að eftir að áhugaskráningu lauk að Eurogym á Íslandi yrði stærsta Eurogym frá upphafi og því í ótal horn að líta og spennandi tímar fram undan fyrir fimleika fyrir alla á Íslandi.

Íþróttasamband fatlaðra valdi fjóra einstaklinga til keppni í fimleikum á Special Olympics sem fram fóru í Abu Dhabi. Mótið gekk vel, keppendur stóðu sig vonum framar og allir komu heim sem sigurvegarar úr ferð sem mun aldrei gleymast.

Uppskeruhátíðin okkar fór fram venju samkvæmt þar sem afrek og fimleikafólk ársins voru verðlaunuð. Hafsteinn Þórðarson bættist í hóp heiðursfélaga sambandsins, fyrir óeigingjarnt starf í þágu fimleika á Íslandi.

Erlend verkefni voru á sínum stað á árinu 2019 og við unnum til verðlauna á erlendum vettvangi eins og áður en yfirlit yfir afrekin okkar á árinu má sjá í skýrslunni.

Hlín Bjarnadóttir og Björn Magnús Tómasson voru í eldlínunni í dómastörfum á erlendum vettvangi. Þau voru valin til að dæma Evrópuleikana í Minsk en þau voru einmitt líka valin í það verkefni fjórum árum áður þegar þau dæmdu fyrstu Evrópuleikana sem fram fóru í Baku 2015. Undir lok ársins bárust svo þær stóru fréttir að þau hefðu verið valin til að dæma Ólympíuleikana í Tokyo, sem er einn mesti heiður sem dómara getur hlotnast.

Á næsta ári stefnum við á að taka nýtt fræðslukerfi í notkun, fimleikar fyrir alla og fimleikar fyrir fatlaða eru alltaf að fá stærri sess í starfi sambandsins og stefnum við á að vera með viðburði fyrir 6 – 7 ára iðkendur, þar sem markmiðið er að taka þátt á þínum forsendum.

Rétt í lokin, árið 2020 fórum við í frábært verkefni, karlalandsliðið fór Fimleikahringinn og sýndi listir sínar víðsvegar hringinn í kringum landið. Þeir buðu krökkum að prófa fimleika á opnum æfingum í framhaldi af sýningum og hvöttu alla til þátttöku. Mikil gleði ríkir með verkefnið sem gekk vonum framar og stefnum við á árlegan viðburð.

Sólveig kynnir stjórnina en ásamt Arnari Ólafssyni formanni sátu í stjórn; Kristinn Arason, varaformaður, Hulda Árnadóttir, ritari, Þór Ólafsson, gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir, Harpa Þorláksdóttir, og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, í varastjórn sat Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og þakkar þeim fyrir gott samstarf á starfsárinu.

Til þess að lágmarka ferð fólks um salinn og gæta ítrustu varkárni í sóttvörnum var ákveðið að bregða út af þeim vana að formenn fagnefnda komi upp og kynni sinn hluta í skýrslu stjórnar. Sólveig fór því yfir þeirra hluta.

Skýrslur nefnda er að finna á heimasíðunni, er úrdráttur úr þeim er einnig að finna í skýrslu stjórnar, sama á við um skýrslur landsliðsþjálfara bæði í áhaldafimleikum og hóp fimleikum.

#### 4.2 Tækninefnd kvenna

Auður Ólafsdóttir, formaður tækninefndar í áhaldafimleikum

Aðrir nefndarmenn: Eir Andradóttir, Hildur Ketilsdóttir, Ragna Þyrí Ragnarsdóttir og Þorbjörg Gísladóttir.

#### 4.3 Tækninefnd karla

Anton Þórólfsson, formaður tækninefndar karla

Aðrir nefndarmenn: Sigurður Hrafn Pétursson, Axel Ólafur Þórhannesson, Daði Snær Pálsson og Vilhjálmur Ólafsson.

#### 4.4 Tækninefnd í hóp fimleikum

Ágústa Dan Árnadóttir, formaður tækninefndar í hóp fimleikum

Aðrir nefndarmenn: Ágústa Dan Árnadóttir, Ragnar Magnús Þorsteinsson, Karen Jóhannsdóttir og Þórdís Þöll Þráinsdóttir. Una Brá Jónsdóttir var einnig í tækninefnd á starfsárinu en lét af störfum vegna anna og Karen kom inn í hennar stað.

#### 4.5 Fræðslunefnd

Fanney Magnúsdóttir, formaður fræðslunefndar

Aðrir nefndarmenn: Andrea Dan Árnadóttir, Auður Ólafsdóttir, Daði Snær Pálsson og Kristinn Þór Guðlaugsson.

#### 4.6 Nefnd um fimleika fyrir alla

Guðrún Tryggvadóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla.

Aðrir nefndarmenn: Eva Hrund Gunnarsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Ingibjörg Þóra Þórarinsdóttir og Sæunn S. Viggósdóttir.

#### 4.7 Skýrsla landsliðsþjálfara – áhaldafimleikar og hóp fimleikar

Í hóp fimleikum eru 4 landslið að störfum, 13 þjálfarar 2 yfirþjálfarar, stórt og mikið líf í kringum þetta verkefni sem er eitt það stærsta sem sambandið hefur ráðist í.

Í áhaldafimleikum eru einnig 4 landslið að störfum, 3 þjálfarar en sami þjálfarinn karlamegin sinnir bæði A landsliði og U-18 ára landsliði.

Faglegir og góðir tímar sem ríkja hjá Fimleikasambandinu.

Þingforseti: Bara 4 einstaklingum hleypt upp í pontu, formaður, sá sem leggur fram reikninga og framkvæmdastjóri, ásamt þingforseta að sjálfsgöðu. Þannig að vinsamlega talið úr sætum ef við viljið fá orðið.

## 5 Áritaðir reikningar sambandsins lagðir fram og skýrðir.

### 5.1 Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitni skoðunarmanna)

Eva Hrund Gunnarsdóttir, fjármálastjóri, fór yfir reikninga sambandsins.

Mig langar að benda ykkur á að þar sem um er að ræða pappírslaut þing að þið getið skoðað ársreikning, fjárhagsáætlun og greinargerðar með þeim inn á heimasíðu Fimleikasambandsins undir „Þinggögnum“. Þess má geta að við höfum ekki áður gert greinargerðir en ákváðum að gera það í ár þannig að betri skilningur yrði á einstaka liðum ársreikningsins.

Við breyttum aðeins framsetningu ársreiknings til að endurspegla betur starf sambandsins og munum halda áfram að gera betur til að gera einstaka liði fjárhagsins sýnilegri. Reikningurinn hefur verið einfaldaður en á móti eru skýringar nákvæmari og fyrirkomulag á færslu bókhalds hefur verið breytt með sama markmiði í huga.

#### Rekstrarreikningur

Ég ætla að byrja á því að fara yfir rekstrarreikninginn en við gerðum smá breytingar á uppsetningu líkt og ég nefndi áðan. Það sem við gerðum í ár er að við deildum launakostnaðinum niður á sviðin, þ.e. á þessi fjögur svið sem eru stjórnunar-, móta-, afreks- og fræðslusvið. Heildarkostnaður launa- og launatengdra gjalda er engu að síður undir rekstrargjöldum, en sýnt er fram á sundurliðun sviðanna fyrir neðan heildarkostnað hvers sviðs sem og í skýringu nr. 9. Tilgangur þessa er að sýna raunverulegan kostnað sviðanna á móti tekjum þeirra. Við munum á næsta ári taka enn stærra skref í þessu og setja kostnaðinn beint undir sviðin, þannig að launakostnaðurinn verður ekki í heild sinni undir rekstrargjöldum heldur á sviðunum.

Við bættum líka við sundurliðun bókhaldslykla sem ekki hefur verið áður, þið sjáið það betur undir skýringunum sem fylgja rekstrarreikningi, þ.e. þeim skýringum sem að raunin og áætlun voru 0 kr. Síðustu ár.

Ég ætla að fara stuttlega yfir rekstrarreikninginn sjálfan en fer á eftir betur í skýringarnar á bakvið hann, en líkt og þið sjáið hér þá var hagnaður ársins rúmar 10.000.000 kr. En áætlað var að hann yrði tæpar 500 þúsund krónur. En líkt og þið sjáið átti að bæta við tryggingum í leyfiskerfið og var áætlaður kostnaður þess 10 milljónir. Því miður gekk það ekki upp að bæta við tryggingum í fyrra sem skýrir að hluta til hagnaðinn í ár.

Líkt og þið sjáið þá var ekki gert ráð fyrir Eurogym í fjárhag sambandsins í ár og því var ákveðið að draga fram tekjur og kostnað af Eurogym sérstaklega svo verkefnið væri ekki að sýna ranga mynd af fjárhagi og bókhaldi FSÍ. Sambandið tók inn tekjur og greiddi allan kostnað vegna viðburðarins í fyrra. Líkt og þið sjáið hér er hagnaður af verkefninu en í raun ætti hagnaðurinn að vera 0 kr., þ.e. tekjur og kostnaður ætti að vera sá sami. Til að ég útskýri þetta betur þá erum við með fyrirtæki, gamla EM2014 ehf., sem heitir í dag Fimleika events ehf. en allar tekjur og kostnaður af verkefninu fer þar í gegn í dag.



Fimleikasambandið er því búið að senda reikninga á fyrirtækið fyrir útlögðum kostnaði FSÍ og á sama hátt hefur fyrirtækið sent reikninga á FSÍ fyrir þeim tekjum sem FSÍ hefur tekið inn. Til að útskýra betur hagnaðinn þá var FSÍ búið að greiða reikninga vegna verkefnisins árið 2017-2018 sem var undir gjaldaliðum í ársreikningi FSÍ árið 2018, en sá kostnaður er hagnaðurinn í ár.

Þar sem vitað var að hagnaðurinn væri mikill í ár var ákveðið að fara loksins í afskriftir á gömlum óinnheimtanlegum skuldum sambandsins. Stjórn tók ákvörðun um að afskrifa gamlar skuldir landsliðsfólks um rúmar 3,2 milljónir, vegna Golden Age um tæpar 800 þúsund krónur og viðskiptastöðu eins félags um rúmar 500 þúsund krónur.

Búið var að reyna að innheimta gamlar skuldir landsliðsfólks í fjölda ára en elstu skuldirnar eru fyrir tíma TOK bókhaldskerfisins sem að FSÍ notaði á árunum 2013-2017. Afskrifað var á 35 einstaklinga, að meðaltali 91 þúsund krónur á einstakling, hæsta skuldin var rúm hálf milljón og þær lægstu undir 10 þúsund krónum. Búið var að reyna að innheimta skuld vegna Golden Age frá árunum 2017-2018 en var hún talin óinnheimtanleg. Afskriftir eins félags um rúmar 500 þúsund krónur var vegna rangrar viðskiptastöðu félagsins þegar bókhaldsgögn voru færð úr TOK yfir í Navision.

Ljóst er að búa þarf til skýrar afskriftarreglur fyrir komandi ár, líkt og kemur fram í álitni skoðunarmanna.

Áður en ég fer í skýringarnar þá langar mig til að fara aðeins yfir Fjáreignartekjur og (fjármagnsgjöld) þar sem að það lítur út eins og við höfum verið að greiða mun hærra vaxtagjöld og vaxtatekjur en gert var ráð fyrir. Vaxtatekjur FSÍ voru samtals 169.664 kr. og vaxtakostnaður alls 51.684 kr. Þessi liður felur því í sér gengistap sem bókhaldskerfið reiknar út. Bókhaldskerfið reiknar út ákveðið gengi í upphafi árs og ákveðið gengi í lok árs sem býr til gengistapið, sem í raun og veru er ekki tap þar sem að FSÍ hefur ekki greitt það í raun og veru.

Styrkir og framlög FSÍ eru álíka á milli ára, hins vegar voru áætlaðar 81.400.000 kr., sem eru tæpum 5 milljónum lægra en í áætlun. Mismuninn má rekja í að áætlað var að fá 16 milljónir frá styrktaraðilum en raunin var einungis 3,5 milljónir. En lottótekjur rúmunum 7 milljónum hærra en búist var við.

Hér sjáið þið t.d. tvo liði sem ekki var áætlað fyrir í fyrra en það eru húsaleiga og tryggingar. Ástæðan fyrir hækkun húsaleigu er vegna þess að við fengum aukarými hjá ÍSÍ vegna meiri umfangs í starfsemi.

Annar kostnaður er í raun sá kostnaður sem ekki á heima annars staðar, þ.e. t.d. þegar við greiðum eitthvað sem ekki á beint heima undir öðrum bókhaldslyklum og fáum greitt aftur tilbaka og þá fer það undir aðrar tekjur. Hér sjáið þið hvernig við erum að dreifa kostnaði á sviðin.

Tekjur vegna innlendra móta og sýninga voru 1 milljón lægri en árið 2018 og áætlað var að þær væru rúmunum 3 milljónum krónum hærra en í raun bar vitni. Þennan mismun má rekja til „Framlag aðildarfélaganna“ sem er styrkur á móti „húsaleigu“ fimleikafélaganna. Þessar tekjur og gjöld eru sama upphæðin og hafa því ekki áhrif á fjárhag FSÍ. Einnig var áætlað að fá styrk upp á 1,1 milljón sem ekki kom inn.

Það sem er mjög jákvætt er að kostnaðurinn á þessu sviði er tæpum 3 milljónum lægri en árið 2018 sem og tæpum 9 milljónum undir áætlun. Allir kostnaðarliðir eru lægri en áætlað var fyrir árið 2019 og er ástæðan fyrir því að áætlað var að hafa Íslandsmóta röðina í Laugardalshöll. Verðlaunakostnaður

hefur einnig lækkað þar sem að einungis eru veitt verðlaun fyrir að ná þrepi í 4. -5. þrepi – sú breyting var samþykkt á Fimleikabingi árið 2018.

Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga eru mjög svipaðar og í áætlun en töluvert lægri en árið 2018. Tekjulækkun á milli ára má rekja til þess að á árinu 2018 var farið á EM í hóp fimleikum, Eurogym og Golden Age.

Ef skoðaðar eru skýringar nr. 3 má sjá að tekjur vegna áhaldafimleika voru tæpum 12 milljónum yfir áætlun. NEM, sem fram fór á Íslandi, var ekki inn í fjárhagsáætlun 2019, en tekjur vegna NEM voru yfir 7,5 milljón. Einnig eru tekjur vegna hóp fimleika hærri en áætlað var en það er vegna miðasölu á EM 2020 í hóp fimleikum.

Framlag aðildarfélaganna er töluvert lægra en áætlað var en líkt og áður kom fram kemur húsaleiga á móti og hefur því ekki áhrif á fjárhag FSÍ. Áætlaðar voru hærri tekjur af „Fimleikar fyrir alla“, en FSÍ innheimti ekki staðfestingargjald vegna Eurogym til íslensku félaganna í lok ársins 2019 líkt og áætlað var að gera.

Kostnaður af þessu sviði er rúmum 8 milljónum krónum hærri en áætlað var, þar sem að bókaður var hótélkostnaður vegna Golden Age í lok ársins 2019 upp á tæpar 6 milljónir (sjá skýringar nr. 7 – hótél). FSÍ hefur fengið þennan kostnað endurgreiddann á nýju ári þar sem að ekki var farið í verkefnið. Einnig er töluverður kostnaður sem FSÍ greiddi vegna NEM, þ.á.m. hótélkostnaður upp á rúmar 4 milljónir.

Matarkostnaður er oftast ekki hluti af „Þátttökugjöldum“ en reynt var að sundurliða þátttökugjöldin betur þetta árið sem útskýrir lækkun þátttökugjalda en hækkun á ferðakostnaði og matarkostnaði.

Laun landsliðsþjálfara og fagteymis voru vanáætluð fyrir árið 2019. Ákveðið var að hefja EM2020 verkefnið árið 2019 en ekki árið 2020 sem er ástæðan fyrir þessum mun, þ.e. laun landsliðsþjálfara í hóp fimleikum voru bókuð í lok ársins 2019 en ekki í upphafi ársins 2020.

Einnig voru „styrkir“ vanáætlaðir en tveir afreksmenn FSÍ eru með eyrnamerkta styrk frá Afrekssjóði ÍSÍ sem greiddur var út.

Ástæðan fyrir því að „Annar kostnaður“ er mun hærri en áætlað var er vegna miðakaupa seint í nóvember á EM í hóp fimleikum en líkt og áður kom fram eru tekjur á móti miðakaupunum.

Rauntekjur fræðslusviðs voru nánast þær sömu og áætlað var með og gjöldin töluvert lægri.

#### **Efnahagsreikningur:**

Ef við förum aðeins yfir efnahagsreikninginn þá er líkt og viðskiptakröfur hafi hækkað um rúma milljón, en ef þið skoðið betur þá sjáið þið hins vegar að viðskiptakröfur aðildarfélaganna hafa lækkað um tæpar 10 milljónir.

Það er samt eðlileg skýring á hækkun viðskiptakrafna sem tengjast ekki aðildarfélögum. Í byrjun desember sendum við út reikninga á erlendu samböndin upp á rúmar 21 milljónir vegna staðfestingargjalds á Eurogym. Í lok ársins voru enn tæpar 5 milljónir ógreiddar, en það var allt greitt í byrjun árs 2020. Við sendum einnig út reikninga á einstaklinga sem ætluðu sér á Golden Age, en

staðfestingargjaldið var upp á tæpar 2 milljónir. Eindagi þeirra reikninga var í byrjun janúar 2020. Skuldastaða ÍSÍ var einnig 9,5 milljónir, þ.e. Ógreiddir styrkir en það var einnig allt greitt í upphafi ársins 2020. Einnig skuldaði fyrirtæki FSÍ, Fimleika Events, okkur tæpar 3 milljónir í lok árs.

Viðskiptastaða aðildarfélaganna er ekki svona há í dag en þetta snýst um að þegar við sendum út reikninga vegna leyfisgjalda þá eru þeir bókaðir í nóvember með gjalddaga 1. desember 2019 og svo 1. febrúar 2020, þannig að skiljanlega er meira en helmingur leyfisgjaldanna ógreiddur í lok árs en helmingur þeirra er í kringum 12,5 milljónir.

Ástæðan fyrir því að handbært fé hefur aukist um tæpar 15 milljónir er vegna þess að gengið hefur vel að innheimta skuldir á árinu 2019, líkt og kemur skýrt fram í lækkuðum viðskiptakröfum aðildafélaga.

Viðskiptaskuldir hafa lækkað um tæpa 1,5 milljón á milli ára. Upphæðin er enn mjög há er vegna þess að margir reikningar voru bókaðir í lok árs 2019 en greiddir 2020. Skuldastaðan í dag er rétt í kringum 400.000 kr. Árið 2019 var farið yfir alla lánadrottna sambandsins. Beðið var um hreyfingaryfirlit frá þeim sem sambandið skuldaði og voru annað hvort gerðar leiðréttingar á stöðu þeirra eða skuldir greiddar.

Hækkun á ógreiddum launatengdum gjöldum er eðlileg á milli ára þar sem að fjöldi starfsmanna á skrifstofu hefur aukist til muna. Fimleikasambandið greiðir starfsmönnum Eurogym laun og rukkar svo Fimleika Events ehf. um þau.

#### **Sjóðsstreymi:**

Líkt og þið sjáið hefur veltufé frá rekstri aukist um 4,5 milljónir þar sem að hagnaður sambandsins var leiðréttur með afskriftum.

Sökum þess að skammtímakröfur lækkuðu töluvert á árinu þá urðu jákvæðar breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum um rúmar 7,1 milljón , en á árinu 2018 lækkuðu þær um rúmar 13,5 milljón króna. Því er handbært fé frá rekstri í lok ársins rúmar 21,7 milljón króna sem er töluverð breyting frá árinu 2018 þegar það var neikvætt um rúmar 10 milljónir króna.

Ef frá eru dregnar leiðréttingar viðskiptamanna á árinu um rúmar 4,5 milljón þá er jákvæð breyting á handbæru fé á árinu um tæpar 17,2 milljón króna en á árinu 2018 voru breytingarnar neikvæðar um rúmar 10 milljón króna. Handbært fé í upphafi árs 2019 voru tæpar 4,8 milljónir sem þýðir að samfara jákvæðri breytingu handbærs fjár á árinu er handbært fé í árslok tæpar 22 milljónir króna líkt og fram kom í efnahagsreikningi.

## **6 Álit kjörbréfanefndar borið undir atkvæði.**

### **6.1 Formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir fjölda þingfulltrúa**

Þingforseti afhendir kjörbréfanefnd kjörbréf frá 11 fimleikadeildum/félögum. En samkvæmt lögum FSÍ eiga 21 fimleikadeildir/félög rétt til að senda inn kjörbréf með samtals 132 fulltrúum. 92 voru á kjörbréfalistum

Breyting á fjölda þingfulltrúa í ár vegna sóttvarnarreglna og aðstæðna í samfélaginu okkar.

Formaður kjörbréfanefndar, Fanney Magnúsdóttir, fer yfir kjörbréfin.



Þingfulltrúar voru mættir frá eftirtöldum félögum:

Afturelding – 4	Fjöltnir – 11	ÍR – 2
Akranes – 7	Gerpla – 19	Selfoss – 8
Ármann – 8	Gróttta – 10	Stjarnan – 10
Björk – 10	Hamar – 3	

Samþykkt að þeir sem eru á staðnum viti hverjir eru með atkvæðisrétt og treysti hver öðrum. Kjörbréf afgreidd. Einn fulltrúi frá hverju félagi sem fer með öll atkvæði félagsins.

## 7. Umræða um skýrslu stjórnar, skýrslur nefnda og ársreikninga

Sigrún – ÍA:

Tryggingar, ekki hefur náðst að setja þær inn. Afhverju?

Sólveig svarar: eins og kom fram á formannafundi þá höfum við verið í samskiptum við annað tryggingafélag sem gekk ekki upp. Erum tilbúin okkar megin frá, en það fylgja verkefninu ákveðnar tækniútfærslur, ef það kemur eitthvað upp, hvernig er ferlið í tengslum við það, við þurfum að teikna það upp með tryggingafélaginu og endurskoða verðskrána. Við ætluðum að setja þetta inn haustið 2020, en þar sem aðstæður eru eins og þær eru í samfélaginu í dag vegna áhrifa af covid ákváðum að vera róleg og ekki grípa til aðgerða sem hækka gjöld og halda okkar striki óbreyttu að svo stöddu. En stefna að því að setja tryggingar inn haustið 2021 en vinnan með tryggingafélaginu gengur vel.

Ingibjörg – Stjarnan:

10 milljónir í áætlun 2019, ekkert gert 2018 er startpakinn þá 10 milljónir?

Sólveig: þegar að vinna við áætlun stóð yfir á sínum tíma var þetta ekki komið inn, þegar áætlun er gerð erum við að renna blint í sjóinn, var áætlun og eins og þær eru þá geta þær breyst. Ég get ekki sagt með fullri vissu hvort við vinnum út frá þessum tölum. Komum til með að eiga gott samtal við félögin þegar að því kemur.

Unnur, Stjarnan:

Þegar leyfiskerfi var kynnt, talað um að hluti af leyfiskerfi ætti að fara í tryggingar, geri mér grein fyrir að nýtt fyrirbæri tekur tíma, gerði ráð fyrir að það væri eyrnamerkt fé sem færi í tryggingar, nú er búið að borga í leyfiskerfi en ekki búið að fara í tryggingar – spurning: í hvað fóru þessar 10 mill þar á undan? Sólveig: ekki gert ráð fyrir þessu á fyrri árum. Það kom skýrt fram á formannafundi áður en farið var í leyfiskerfið að tölurnar væru til viðmiðunar, þangað til við vitum hvað tryggingarnar kosta og að það gæti komið til hækkunar þegar að því kæmi.

Unnur: mun leyfiskerfi hækka?

Sólveig: munum skoða það í sameiningu.

Arnar: Þegar við vorum gera þetta á sínum tíma vorum við að horfa til breska kerfisins. Hjá þeim voru 2 pund sem tryggingin kostaði á mánuði. Við fáum ekki tryggingar á Íslandi fyrir þessa tölu og þurfum því að skoða þetta í því samhengi. Þess vegna var það kynnt á sínum tíma að gjaldið gæti hækkað þegar að tryggingarnar kæmu inn.

Helga – Fjöltnir:

lækkun á markaðskostnaði á milli ára.

Eva: Það var farið í myndbandaupptökur árið áður.

Olga – Gerpla:

Ég vil byrja á að hrósa fyrir glæsilega ársskýrslu, flottan og skýran ársreikning. Við einnig hrósa Evu Hrund fyrir góða yfirferð, svaraði mörgum spurningum.

Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs og umræðum því lokið.

## 8. Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

### 8.1 Reikningar bornir undir atkvæði

Þing samþykkir reikninga með öllum greiddum atkvæðum.

#### **Skýrsla stjórnar samþykkt:**

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **Reikningar samþykktir:**

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **Þráinn Hafsteinsson, stjórnarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ, tekur til máls:**

Ágætu fulltrúar og aðrir gestir. Ég flyt ykkur kveðju Lárusar Blöndal, forseta ÍSÍ sem og starfsfólks ÍSÍ sem óskar ykkur góðs gengis á þinginu. Mig langar að taka undir orð Olgu með góða skýrslu og vel útskýrða reikninga sem gefur okkur góða mynd á gott starf í sambandinu.

Við erum að vinna við erfiðar aðstæður eins og þið hafið orðið vör við það eins og aðrar greinar, getum verið stolt hvernig hreyfingin hefur mætt þessu ástandi. Þjálfarar, leiðbeinendur og iðkendur standa saman og takast á við þessar aðstæður.

Það hefur verið skemmtilegt að fylgjast með uppgangi fimleika, ég er orðin svo gamall, man eftir stofnun sambandsins, þegar þær Ástbjörg Gunnarsdóttir og Margrét Barnadóttir komu inn með ofurmetnað sem hafði mikil áhrif í fimleikahreyfingunni. Árið 2018 voru 14000 iðkendur skráðir í fimleika, 24% aukning frá árinu áður. Samkvæmt þeim tölum eru 14 héruð sem iðka fimleika, þeir eru þriðja fjölmennasta íþróttagreinin á Íslandi. Þetta er frábær árangur.

Ég vil nota þetta tækifæri og minna ykkur á, að þið gerið ykkur grein fyrir hvað þið hafið mikil áhrif á uppeldi þessa unga fólks. Þjálfara, leiðbeinendur, dómarar, allir sem að þessu koma eru frábærir þegar í okkar samfélagi. Þátttakendur taka það sem þeir hafa lært í íþróttinni og eru betur þenkjandi hvernig á að ná árangri. Þeir átta sig á að það þarf að leggja sig fram, á réttum tíma og gera enn betur en aðrir. Eigum að vera stolt af þessu og hamra á þessu hvað hreyfingin er að gera frábæra hluti. Óska ykkur góðs gengis og haldið áfram að skila flottum þegnum út í samfélagið okkar.



## 9. Kosning formanna starfsnefnda þingsins.

9.1 Þingforseti lagði fram tillögu um formenn starfsnefnda þingsins.

*Kosning formanna starfsnefnda þingsins:*

*Lagt er til að eftirfarandi verði útfærsla á starfsnefndum þingsins í ár vegna aðstæðna:*

- Ein nefnd þingforseti verður formaður nefndarinnar

Tillaga samþykkt.

## 10. Stjórn leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Fjárhagsáætlun vísað til nefndar. Þingskjal 1

## 11. Stjórn leggur fram tillögu að starfsáætlun næsta starfsárs og skal henni vísað til fjárhagsnefndar.

Starfsáætlun vísað til nefndar. Þingskjal 2

## 12. Tekin fyrir tillaga sem lögð hefur verið fyrir þingið og henni vísað í nefndir.

Þingforseti, leggur fram erindi frá félögum. Alla jafna hefði þetta skjal verið afgreitt undir önnur mál, þar sem að engin tillaga er í erindinu en góð greinargerð. Það er vilji að þetta sé tekið fyrir og er tillagan sú að endurskoða leyfiskerfi vegna koparleyfa vegna krílahópa.

Þingskj	3	Erindi frá 5 félögum - koparleyfi	nefnd
---------	---	-----------------------------------	-------

## 13. Starfsnefnd þingsins tekur til starfa

## 14. Formenn starfsnefnda gera grein fyrir störfum nefnda og málefni borin undir atkvæði.

Fjárhagsnefnd:

Þingskjal 1

Eva Hrund Gunnarsdóttir gerði grein fyrir þingskjali 1. Fjárhagsáætlun má finna í viðhengi 1.

Eva Hrund Gunnarsdóttir, fjármálastjóri fer yfir tillöguna

Þegar ég var að vinna fjárhagsáætlunina þá fannst mér eðlilegast að koma með endurskoðaða áætlun fyrir árið 2020 þar sem að Covid hefur sett smá strik í reikninginn og var stjórn sammála þeirri ákvörðun. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir 11.830.811 kr. í hagnað á þessu ári en á áætlaður hagnaður 2020 í samþykktari áætlun var 11.704.554 kr. Allir tekjuliðir, fyrir utan námskeið og fræðsluefni lækka í endurskoðaðri áætlun þar sem að innlendum og erlendum mótum fækkaði umtalsvert á árinu. Einnig var ákveðið að hækka áætlun í afskriftir vegna athugasemda skoðunarmanna reikninga á ársreikningi 2019, þar sem að þeir telja skynsamlegt að afskrifa um 5% á ári heildarviðskiptakröfur sambandsins, til þess að gefa skýrari mynd af eignum félagsins.

Líkt og fram kom áðan var gerð breyting á launaliðum í ársreikningi og ég talaði um að við myndum fara skrefi lengra í ársreikningi 2020 líkt og þið sjáið hér þegar þið skoðið rekstrargjöldin.

Líkt og ég talaði einnig um áðan þá ættu tekjur og kostnaður af Eurogym að vera á núlli líkt og gert er ráð fyrir í áætlun 2020-2021.

Við leggjum upp með að fá sambærilega styrki og á fyrri árum frá ÍSÍ og Lottó og með það að leiðarljósi áætlum við kostnað af afrekssviði. Því er ljóst að ef styrkveiting verður ekki með sama hætti þá þarf að draga úr kostnaði afrekssviðs á móti.

Einnig er áætlað að styrkveiting frá samstarfsaðilum verði ekki jafn mikil og áætlað var fyrir 2020 þar sem að styrkveiting hefur m.a. verið í formi fatnaðar fyrir afrekssvið og þar sem að ekki verður farið í jafn mörg erlend verkefni og lagt var upp með verður styrkveiting í þessu formi minni en á fyrri árum.

Hér koma inn nýjar skýringar inn sem hafa ekki verið áður. Ákveðið var að bæta við skýringunni „Leyfiskerfi“ og sundurliða tekjur af hverju leyfi fyrir sig.

Einnig var bætt við öðrum tekjum, þannig að hægt er að sjá hvað er að koma inn til okkar t.d. í félagaskiptum o.s.frv. „Aðrar tekjur“ hér eru þær sömu og „Annar kostnaður“ í Rekstrargjöldum. Við hugsum þessa bókhaldslykla fyrir kostnað sem við greiðum og tekjur tilbaka.

Eins og þið sjáið hér höfum við bætt inn Þingi, Húsaleigu og Tryggingum. Hér erum við einnig búin að taka út launakostnað vegna annarra sviða.

Fimleikasambandið hefur fellt niður a.m.k. 7 mót á árinu sem áttu að fara fram og samhliða því minnkar umfang mótasviðs umtalsvert. Í endurskoðaðri áætlun er þó áætlað að mót haustannar fari fram.

Lagt var upp með að farið yrði á mörg alþjóðleg áhaldafimleikamót, EM í hópimleikum, Golden Age og Eurogym þegar áætlun 2019-2020 var sett fram. Öllum þessum verkefnum, að undanskildu Evrópumót í áhaldafimleikum, hefur verið frestað og því minnka tekjurnar umtalsvert árið 2020. Stefnt er þó á að fara í öll þessi verkefni árið 2021 og eru því áætlaðar tekjur 2021 mun hærra en 2020.

Inn í tekjulið og kostnaðarlið afrekssviðs er reiknað með töluverðum tekjum og kostnaði vegna Eurogym (rúmar 20 milljónir beggja megin) þar sem að áætlað er að fleiri íslenskir þátttakendur taki

þátt í verkefninu bæði þar sem að hátíðin fer fram á Íslandi sem og vegna samdráttar í ferðalögum Íslendinga.

Helstu breytingarnar á tekjum fræðsluviðs eru þær að ekki er reiknað með dómaramámskeiðum haustið 2020 né árið 2021. Von er á nýjum dómaraeðglum árið 2021 og er því ekki talin þörf á dómaramámskeiðum þar til þær verða gefnar út.

Árið 2021 ætlum við að hefja betrubætur á fræðslukerfi og því er gert ráð fyrir kostnaði vegna námsefnisgerð.

Umræður:

Enginn kvað sér hljóðs.

Fjárhagsáætlun fyrir 2020

**Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:**

- Samþykkt atkvæði: allir
- Á móti: 0
- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun fyrir 2021

**Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:**

- Samþykkt atkvæði: allir
- Á móti: 0
- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingskjal

2

Sólveig Jónsdóttir gerði grein fyrir tillögunni.

Starfsáætlun FSÍ hefur sjaldan eða aldrei verið svona fátækleg. Á vorönn 2021, hefur mörgum viðburðum verið frestað, vitum ekki hvernig hlutirnir fara. Settum fram það sem við myndum vilja taka þátt í verði tækifæri til þess. Evrópumót í hóp fimleikum fer fram í apríl.

Ekki mikið annað um þetta að segja, dagskráin sem við stefnum á ef allt gengur að óskum.

Umræður í nefnd:

Stjarnan: Af hverju er Íslandsmótið ekki í starfsáætlun 2020?

Svar: Íslandsmót var samþykkt í starfsáætlun síðasta þings fyrir vorið 2020



Umræðum lokið

**Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:**

- Samþykkt atkvæði: allir
- Á móti: 0
- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 3:

Þingforseti gerði grein fyrir tillögunni.

Þing FSÍ 2020 samþykkir að fela stjórn FSÍ að skipa starfshóp með fulltrúum félaga til að fara yfir leyfiskerfi FSÍ með það að markmiði að endurskoða gjalddöku af aldurshópnum 2-4 ára, meðal annars með tilliti til gagnsæis.

Starfshópurinn skilar tillögum til stjórnar FSÍ í tíma fyrir þing 2021 og gerir Fimleikaþingi 2021 grein fyrir störfum sínum.

Umræður í nefnd:

**Þeir sem samþykkja tillöguna eins og hún stendur:**

- Samþykkt atkvæði: 81
- Á móti: 11
- Tillagan er samþykkt.

## 15. Kosningar

Kosnir meðstjórnendur og varamenn til eins árs.

- Kjörnefnd skiptist á nokkrum tölvupóstum og kallaði eftir framboðum.

Einungis bárust tvö framboð í stjórn Fimleikasambandsins.

- Hulda Árnadóttir
- Þór Ólafsson

Liggur fyrir að það vantar í stjórn sambandsins. Óskað er eftir framboði úr sal.

Ein tilnefning barst úr sal um Mörtu Sigurjónsdóttur.

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir býður sig fram í varastjórn, hún er ein í framboði. Óskað er eftir framboði úr sal.

Ein tilnefning barst úr sal um Guðbjörgu Snorradóttur.

#### 15.1 Kosning stjórnar

Kosið um þrjú sæti meðstjórnenda og tvö sæti varamanna og eru þeir sjálfkjörnir þar sem frambjóðendur eru þrír í framboði til stjórnar og tveir til varastjórnar.

#### 15.2 Aðrar kosningar

- a)** *Val fulltrúa á Íþróttaping*  
*Vísað til stjórnar – Samþykkt*
- b)** *Skoðunarmenn reikninga*  
*Jochum Marth Ulriksson*  
*Hafsteinn Þórðarson*  
*Kjörnir til eins árs.*
- c)** *Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í kjörnefnd.*  
*Vísað til stjórnar - Samþykkt*
- d)** *Kosning þriggja fulltrúa og þriggja til vara í laga- og reglunefnd til tveggja ára.*  
*Hjalti Geir Erlendsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Sigurbjörg Fjölнисdóttir*  
*Kjörin til tveggja ára.*

## 16 Önnur mál

Hulda Árnadóttir, stjórnarkona FSÍ, biður um orðið fyrir hönd stjórnar:

Við í stjórn höfum ekki farið varhluta af þeim umræðum sem hefur átt sér stað undanfarið varðandi ofbeldi sem virðist hafa liðist í fimleikahreyfingunni víða um heim. Að okkar mati er það tímaspursmál hvenær þessi umræða kemur upp á yfirborði á Íslandi, hvort sem um er að ræða núverandi eða fyrrverandi iðkendur. Stjórn FSÍ óskar eftir að leggja fyrir þingið að álykta að ofbeldi verður ekki liðið, að taka verður á öllum slíkum málum af faglegum hætti. Ekki síst til að vera undirbúin, að það liggi skýrt fyrir hver afstaða hreyfingarinn er ef umræðan kemur upp.

Stjórn setti saman eftirfarandi tillögu:

„Þing Fimleikasambands Íslands fagnar því að opin umræða hafi átt sér stað um það ofbeldi sem hefur liðist í fimleikahreyfingum víðs vegar um heiminn, því aðeins með hispurlausri umræðu er hægt að sporna við því að slíkt ofbeldi líðist í framtíðinni.

Iðkendur eiga rétt á öruggu umhverfi án alls ofbeldis. Við ætlum öll að taka höndum saman um að ofbeldi í hvaða formi sem er innan fimleikahreyfingarinnar verði ekki liðið. Við erum

Öll sammála um að standa sameiginlega vörð um faglega meðhöndlun á þeim málum sem upp kunna að koma og við hvetjum jafnframt alla iðkendur og aðra innan hreyfingarinnar til að tilkynna til aganefndar Fimleikasambandsins ef þeir upplifa ofbeldi af einhverju tagi við fimleikaiðkun.

Til að fyrirbyggja að iðkendur og aðrir innan hreyfingarinnar verði fyrir ofbeldi og áreitni ætlum við að stuðla að menningu virðingar og jafningjasamskipta og setja aukinn kraft í forvarnir og greiningu á stöðu þessara mála hér á landi.“

Unnur, Stjarnan: er komin aðgerðaráætlun. „hvað ætlum þið að gera“?

Þorbjörg, landsliðsþjálfari: Í landsliðunum vorum við með fræðslu um samskipti, hvað eru eðlileg samskipti. Það er stefnan að setja þetta í fræðslukerfið. Inni á nýju heimasíðunni er boðið upp á ýmsa möguleika yfir hvernig hægt er að tilkynna í þessum málum.

Hulda, FSÍ: Okkur langar að vita/skoða að gera könnun hvernig upplifun er, bæði hjá núverandi og fyrrum iðkendum.

Stjarnan: líka annarra innan hreyfingarinnar, ekki bara iðkendur.

Fanney, fræðslunefnd: í hvaða ferli fer það sem er tilkynnt til aganefnda?

Sólveig: vinnur samkvæmt sínum reglum, fólk gefst tækifæri til að segja sína hlið.

Þingforseti: Við þurfum öll sem komum að starfi íþróttahreyfingarinnar, að horfa til baka, ef við höfum þurft að koma að málum þá er mikilvægt að horfa til baka og skoða þær aðgerðir sem fólki er rétt að grípa til á þeim tíma, það er ekki víst að þegar skoðað er til baka að það hafi verið rétt viðbrögð. Það er upplifun þolandans hvort sem það er strax eða löngu seinna, sem gildir. Við hin getum ekki ákveðið hvað þolandinn varð fyrir. Þannig verðum við að horfa á það, passa okkur á að missa ekki sjón á því sem skiptir máli. Við þurfum að koma þeim út úr hreyfingunni sem beita ofbeldi.

Ályktun stjórnar samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Umræðum lokið.

Þingforseti þakkar fyrir traustið og þakkar þingfulltrúum fyrir komuna á þingið, einnig þakkar hann fagnefndunum og starfsfólki sambandsins fyrir sín störf. Höldum áfram að þróast og þroskast.

Sólveig, FSÍ: Þakkar stjórn fyrir samstarfið og Hrefnu sérstaklega fyrir hennar stjórnarsetu og býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Þakkar Ragnheiði fyrir vel unnin störf í laganeftnd, hefur verið ánægja að vinna með henni.

Þakka ykkur fyrir að láta málefnið ykkur varða. Vonandi verður næsta starfsár farsælt ár fyrir íslenska fimleika.

## 17 Ávarp formanns

Formaður Fimleikasambandsins, Arnar Ólafsson, þakkar þingfulltrúum fyrir komuna á þingið, einnig þakkar hann fagnefndunum og starfsfólki sambandsins fyrir sín störf. Mig langar til að þakka Hrefnu fyrir hennar störf í stjórn undanfarin ár og stjórn fyrir samstarfið síðastliðið ár.

Mig langar að nefna nokkra hluti í lok þingsins varðandi fimleika fyrir alla. Eurogym lítur ekki nógu vel út. Ég nef áhyggjur af því að það voru ekki margir sem skráðu sig frá Íslandi. Við getum gert mun betur. Ég held það sé gríðarleg þörf að búa til annan vettvang, fyrir þá sem hafa ekki ánægju af því að keppa.

Þegar ég byrjaði í stjórn FSÍ var mikið talað um aukið gagnsæi. Í ár er staðan þannig að það hefur aldrei verið jafn mikið gagnsæi síðan ég byrjaði. Það eru ekki nema 4 – 5 ár síðan reikningarnir voru ekki einu sinni réttir þannig að það er ljóst að búið er að lyfta grettistaki í þessum málefnum. Vona að félögin séu sammála um það, það er búin að gera heilmikið. Þetta á við um allt í sambandinu, ekki bara fjármálin, heldur er búin að vinna mjög góða vinnu, miðað við þegar ég kom að sambandinu.

Varðandi hæfileikamótun drengja, Fimleikahringinn, þá er það verkefni sem var mjög vel unnið og framkvæmt. Frumkvæði drengjanna, var algjörlega frábært með það að markmiði að fjölga strákum í fimleikum. 75% af okkar iðkendum eru stelpur, megum ekki eyða of mikilli orku í að jafna það hlutfall, það er gert mikið fyrir stráka í öðrum íþróttum en hins vegar þurfum við alltaf að huga að því að þjónusta alla okkar iðkendur eins vel og kostur er.

Við erum í mikilli framför, hreyfingin í heild sinni er að þroskast, stækka og dafna vel. Erum að klifra upp stigann á næsta stig. Ég er mjög ánægður með hvað er búið að gera mikið og er stoltur af þeirri vinnu sem unnin hefur verið. Nú er þetta mitt síðasta ár, á næsta ári koma nýir inn með nýjar hugmyndir og áherslur sem verður spennandi að fylgjast með.

Formaður þakkar þingforseta, Herði Oddfríðarsyni kærlega fyrir og slítur þingi.

## 18 Þingslit

Þingi slitið klukkan 13:45

**Viðhengi 1** - Þingskjal nr. 1



## Fjárhagsáætlun til 2021

	Skýr.	Áætlun 2021	Endursk. Áætl. 2020	Áætlun 2020	Raun	
					2019	2018
<b>Rekstrartekjur:</b>						
Styrkir og framlög .....	1	92.999.589	85.191.221	95.600.000	76.647.921	76.227.142
Innlend mót og sýningar .....	2	42.093.000	24.654.000	43.600.000	40.242.208	41.260.521
Alþjóðleg mót og sýningar .....	3	111.983.000	43.432.000	47.750.000	49.358.990	85.409.796
Námskeið og fræðsluefni .....	4	16.035.000	12.201.000	10.350.000	9.334.500	12.906.500
Leyfiskerfi .....	5	26.712.000	25.440.000	27.893.250	24.880.800	22.523.800
Aðrar tekjur .....	6	2.643.250	1.565.000	1.500.000	1.397.285	7.734.331
Eurogym .....		28.050.000	18.556.288		39.812.266	
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>320.515.839</b>	<b>211.039.509</b>	<b>226.693.250</b>	<b>241.673.970</b>	<b>246.062.090</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>						
Rekstrargjöld .....	7	28.289.649	27.356.094	62.400.000	56.614.986	54.114.797
Innlend mót og sýningar .....	8	45.645.033	31.437.767	39.900.000	30.854.069	33.654.230
Alþjóðleg mót og sýningar .....	9	188.433.700	99.732.067	87.300.000	95.796.516	141.047.416
Námskeið og fræðsluefni .....	10	21.739.937	18.626.482	9.888.696	6.588.935	10.776.322
Leyfiskerfi .....		0	0	10.500.000	0	128.320
Önnur gjöld .....		600.000	500.000	3.500.000	323.481	2.908.649
Afskriftir .....		500.000	3.000.000	1.500.000	4.569.556	0
Eurogym .....		28.050.000	18.556.288		36.787.530	0
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>313.258.319</b>	<b>199.208.698</b>	<b>214.988.696</b>	<b>231.535.073</b>	<b>242.629.734</b>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði .....		7.257.520	11.830.811	11.704.554	10.138.897	3.432.356
<b>Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>						
Vaxtatekjur .....		315.000	300.000	600.000	169.664	349.035
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		(315.000)	(300.000)	(200.000)	(288.024)	(261.941)
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>400.000</b>	<b>(118.360)</b>	<b>87.094</b>
Afkoma fyrir óreglulega liði .....		7.257.520	11.830.811	12.104.554	10.020.537	3.519.450
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>7.257.520</b>	<b>11.830.811</b>	<b>12.104.554</b>	<b>10.020.537</b>	<b>3.519.450</b>

## Viðhengi 2 - Þingskjal nr. 2





2020			
03-Okt	07-Okt	Heimsbikarmót	Ungverjaland
13-Des	20-Des	EM í áhaldafimleikum - KVK, liðakeppni	Baku, Azerbaijan
06-Des	13-Des	EM í áhaldafimleikum - KK, liðakeppni	Baku, Azerbaijan
13-Des	20-Des	EM í áhaldafimleikum - KVK, liðakeppni - junior	Baku, Azerbaijan
06-Des	13-Des	EM í áhaldafimleikum - KK, liðakeppni - junior	Baku, Azerbaijan

2021			
12-Mar	15-Mar	Heimsbikarmót	Baku, Azerbaijan
25-Mar	28-Mar	Heimsbikarmót	Doha, Qatar
27-Mar	28-Mar	Íslandsmót í Höllinni - áhaldafimleikar	Íslandi
04-Mar	06-Mar	Norrænn formanna og framkvæmdastjóra fundur	Stokkhólmur, Svíþjóð
02-Apr	05-Apr	Berlin Cup	Berlín, Þýskalandi
14-Apr	17-Apr	EM í hópfimleikum - Fullorðnir	Danmörku
14-Apr	17-Apr	EM í hópfimleikum - Unglingar	Danmörku
		FIG Colloqium	Bíðum upplýsinga
17-Apr	19-Apr	NM í áhaldafimleikum KVK - junior	Finnland
17-Apr	19-Apr	NM í áhaldafimleikum KK - junior	Finnland
17-Apr	19-Apr	NM í áhaldafimleikum KK u14	Finnland
21-Apr	25-Apr	EM í áhaldafimleikum - KVK, einstaklingskeppni	Basel Sviss
27-May	31-May	EM í áhaldafimleikum - KK, einstaklingskeppni	Basel Sviss
5. júní	7. júní	Íslandsmót í Höllinni - hópfimleikar	Ísland
júní	júní	Heimsbikarmót	Koper
Júní	Júní	FIT Challenge - Flanders	Belgía
Júlí	Júlí	UEG þjálfaranámskeið - Hópfimleikar	Ítalía
Júlí	Júlí	UEG þjálfaranámskeið	Terrania, Ítalía
03-Jul		EGFL	Ísland
04-Jul	08-Jul	Eurogym	Ísland
24-Jul	09-Aug	Ólympíuleikar***	Japan, Tokyo
Sept	Sept	Heimsbikarmót	Szombathely, Ungverjaland
Sept	Sept	Heimsbikarmót	París, Frakkland
Nóv	Nóv	NEM í áhaldafimleikum	Wales
03-Okt	08-Okt	Golden age	Krít
10-Okt	24-Okt	HM í áhaldafimleikum	Ekki vitað
Nóv	Nóv	NM í hópfimleikum	Íslandi
Nóv	Nóv	Elite Gym Massilla	Frakkland
Nóv	Nóv	Heimsbikarmót	Cottbus, Þýskaland
Nóv	Nóv	TopGym	Brussel, Belgíu
Nóv	Nóv	UEG Þing	Portugal
Des	Des	FIG Þing	Tyrkland